


Dýrabær



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyraaer.is

Árbæjarblaðið

1. tbl. 23. árg. 2025 janúar

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Ást og kærleikur 2025

Nýtt ár er gengið í garð og ást og kærleikur fólki ofarlega í huga og von um frið og farsæld. Birkir Már Kristinsson kom færandi hendi með heitt súkkulaði með rjóma handa nágrönnum sínum í Viðarásnum fyrir jólin og óskaði

öllum gleðilegrar jólahátíðar. Ljósmyndara Árbæjarblaðsins þótti þetta einstaklega notalegt enda kærleikurinn og hlýjan í fyrirrúmi eins og vera ber

ÁB-mynd Katrín J. Björgvinsdóttir.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!


bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00


EGILSHÖLL




HAFIÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Tilbúinn fiskur og
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

Árbæjarblaðið

tÚtgefandi: Skrautás ehf. Netfang: abl@skrautas.is
 Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
 Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
 Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
 Útlit og hönnun: Skrautás ehf.
 Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
 - abl@skrautas.is
 Prentun: Landsprent ehf.
 Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
 Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

2025 verður ár kvenna

Þegar enn eitt árið er gengið í garð vakna vonir og margir óska sér þess að árið sem hæfið er verði betra en það sem nýlega er liðið. Árið 2025 þarf reyndar ekki að verða neitt afskaplega gott til að verða betra en 2024. Nýliðið ár var leiðinlegt á marga vegu en inn á milli þó ljósir punktar sem vekja vonir.

Vonir eru sterk í hugum okkar og við vonumst alltaf eftir betri tíð með blóm í haga. Trúin er líka sterk á meðal okkar og við höfum ríka ástæðu til að trú á því að nýtt ár verði okkur gjöfult og farsælt.

Vaxtalækkun er handan við hornið og hjöðnun verðbólgu. Þessar lækkanir skipta heimilin í landinu miklu máli. 1% vaxtalækkun lækkar afborgun hjá hjónum með 40 milljón króna fasteignalán um 30 þúsund á mánuði sem jafngildir tæplega 60 þúsund króna hækkun mánaðarlauna. Það er því mikilvægt að ný ríkisstjórn standi sig vel og þar standi nýir ráðherrar við stór orð fyrir kosningarnar í nóvember.

Konur virðast vera í mikilli sókn á Íslandi og því er fagnað hér sérstaklega. Konur skipa margar mikilvægar stöður og fyrir utan allar konurnar í nýrri ríkisstjórn er nýkjörin biskup Íslands kona, Guðrún Karls Helgudóttir, forseti Íslands er kona, Halla Tómasdóttir, ríkislögreglustjóri er kona, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkissaksóknari er kona, Sigríður Friðjónsdóttir og lögreglustjórinn í Reykjavík er kona, Halla Bergþóra Björnsdóttir. Svona mætti lengi telja. Ríkisstjórn er í fyrsta skipti skipuð konum að meirihluta. Glæsilegar konur sem hafa haft sig mikið í frammi undanfarið og náð glæsilegum árangri í kosningum. Hafa vakið mikinn áhuga kjósenda og framkoma þeirra verið á þann veg að kjósendur heilluðust í síðustu kosningum.

Það verður mjög spennandi að sjá hvernig framvinda mála verður á komandi misserum og miklar vonir eru bundnar við valkyrjustjórnina. Vonir eru víða miklar. Íslenska landsliðið í handbolta er komið á enn eitt stórmótið og vonandi eiga leikmenn landsliðsins eftir að ná sér vel á strik á heimsmeistaramótinu.

Óhöpp hafa þó sett strik í reikninginn fyrir HM en vonandi kemur fjarvera góðra leikmanna ekki að sök. Við vonum að íslenska liðið eigi eftir að setja allt á annan endann á Íslandi með góðum árangri og vonandi eiga yngri menn liðsins og þeir sem fá nú stærri hlutverk en áður eftir að standa sig vel. Áram Ísland!

Stefán Kristjánsson

abl@skrautas.is

Græna gímaldið og ábyrgð borgaryfirvalda

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Álfabakkamálið svokallaða hefur eðli málsins skv. farið hátt síðustu vikur og vakið reidi meðal íbúa borgarinnar. Málið snýst um óviðeigandi framkomu og ákvarðanir, sem virðast hafa verið teknar án þess að huga nægilega að velferð íbúanna og langtímaáhrifum á umhverfi þeirra.

Um er að ræða vöruskemmu, sem lítur út eins og grænt gímaldi, sem stendur í óvenjulegri nálægð við fjölbýlishús við Árskóga og hefur valdið íbúum þar verulegum óþægindum. Þessi framkvæmd hefur afhjúpað brotalamir í skipulagsferlum borgarinnar og skort á virku samráði við íbúa.

Málsmeðferð fyrir neðan allar hellur

Íbúar í nágrenni Álfabakka hafa tekið málin í sínar eigin hendur og hæfið undirskriftasöfnun með það fyrir augum að framkvæmdirnar verði stöðvaðar á meðan farsæl laus verður fundin á málinu. Um 2500 undirskriftir hafa safnast, þegar þetta er skrifað, sem sýnir skýra andstöðu íbúa við málið. Aðfararorð undirskriftasöfnunarinnar segja allt sem segja þarf:

„Undirrituð gera alvarlegar athugasemdir vegna framkvæmda við Álfabakka 2A-2D, 109 Reykjavík. Við álitum að húsið og starfsemin sem þar á að vera sé algjörlega á skjön við samfélagið, gangi gegn markmiðum skipulagslaga og stefnu Reykjavíkurborgar í grænni byggð. Íbúar eru uggandi yfir möguleikanum á stórauðum umferð, þá sér í lagi þungaflutninga, um svæðið. Efumst við um að framkvæmdir standist mat á umhverfisáhrifum. Við teljum einnig að byggingarmagn og hæð byggingarinnar muni hafa mikil áhrif á skuggavarp og valda skerðingu á sólarljósi, sem mun hafa mjög neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa nærliggjandi húsa. Að lokum teljum við að málsmeðferð þessa máls hafi verið fyrir neðan allar hellur og langt í frá í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Samráð og upplýsingaflæði Reykjavíkurborgar hafi verið ófullnægjandi og hvorki uppfyllt kröfur stjórnsýslulaga né skipulagslaga. Við krefjumst þess að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan unnið er að farsælli lausn málsins öllum í hag.“



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Þessi yfirlýsing sýnir glöggst hversu mikil óánægja ríkir meðal íbúa svæðisins. Það er ljóst að Reykjavíkurborg hefur brugðist hlutverki sínu sem þjónandi afl í þágu borgarbúa.

Ófagleg stjórnsýsla

Álfabakkamálið sýnir fram á ófagleg vinnubrögð innan borgarkerfisins. Loforð um úrbætur og bætt vinnulag hefur verið kastað fram að hálfu borgarstjóra, en engar efndir hafa fylgt máli hans. Það vekur spurningar um hvort borgarstjóri hafi í raun nægan skilning á því hvað þarf til að leida stórt og flókið stjórnsýslu mál sem Reykjavíkurborg er svo sannarlega.

Ábyrgðin liggur á toppnum

Í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að

forystumenn axli ábyrgð. Í stað þess að koma með skýrar lausnir hefur borgarstjóri vísað ábyrgðinni á aðra. Til marks um það eru embættismenn látnir svara fyrir málið í fjölmöldum. Það er óásættanlegt, sérstaklega þegar almannahagsmunir eru í húfi.

Standi skil á gerðum sínum

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa krafist ítarlegrar stjórnsýsluúttektar á málinu. Það er ljóst að röttæk endurskoðun á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar er nauðsynleg. Í fyrsta lagi þarf að tryggja gegnsei í allri ákvarðanatöku. Í öðru lagi þarf að koma á fót kerfi þar skýrt er hver og hverjir bera ábyrgð hverju sinni. Og í þriðja lagi þarf að tryggja að þeir sem bera ábyrgð á mistökum standi reikningsskil gerða sinna.

Skref í rétta átt

Á fundi borgarstjórnar þann 7. janúar 2025 samþykkti meirihlutinn tillögu, sem lögð var fram að frumkvæði Sjálfstæðisflokks, um að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að framkvæma ítarlega stjórnsýsluúttekt á málinu. Með úttektinni verður meðal annars leitað við að kanna hvort reglur og lög hafi verið brotin, hvernig athugasemdemum íbúa var sinnt og hvaða aðgerðir þurfi til að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. Þetta er mikilvægt skref í rétt átt en tryggja þarf að niðurstöður úttektarinnar leiði til raunverulegra úrbóta.

Íbúum má ekki lengur halda í óvissu og nauðsynlegt að borgarstjóri bjóði ásættanlegar lausnir í þágu íbúa og það strax. Það er kominn tími til að borgarstjóri stígi fram, axli ábyrgð og leysi málið – eða víki fyrir þeim sem raunverulega vilja bæta stöðu mála.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttunga- og málningarverkstæði með 5 stjórn gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna



Draghals 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarféлага.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjábúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

Fiskikökur með sesamsósu

- frábær réttur sem vert er að prófa

Við bjóðum lesendum upp á frábærar uppskriftir frá Kristjónu Steingrímsdóttur, Jónu. Nú eru það tælenskar fiskikökur.

- 500 gr. hvítur fiskur (ýsuhakk frá Hafinu)
- 2 hvítlausrif, afhýtt og saxað smátt.
- 1/2 msk rautt karry paste.
- Smá bútur, ferskt engifer, afhýtt og saxað smátt.
- 1/2 msk. kóriander fræ, söxuð gróft.
- 1/2 búnt steinselja, söxuð smátt.
- 1 msk. tamarisósa.
- 1/2 rauðlaukur, saxaður smátt.
- 1/2 bollí ristaðar kasjúhnetur með chili, frá MUNA, saxaðar smátt.
- Rifinn börkur af límónu (safinn er svo notaður í sósunu).
- 1 rauður chili pipar, fræhreinsaður og saxaður gróft.
- Hálf rauð paprika, fræhreinsuð og söxuð gróft.

- 0,5 tsk. svartur pipar.
- 1 tsk. salt.

Sesamsósa:

- 4 msk. sitrónuolía.
- 1 msk. tamarisósa.
- 1 msk. sesamfræ.
- 1 msk. ristuð sesamolía.
- Safi úr 1/2-1 lime.
- 1/4 tsk. chili flögur.

Forhitið ofninn í 190 gráður. Hræðið allt fyrir fiskikökum saman vel í skál. Takið svo ísskeið eða 2 matskeiðar og bíðið til fiskikökur. Setjið á bökunnarpappír klædda bökunnarplötu. Bakið í um 20 mínútur.

Frábærar fiskikökur. Gott að bera fram með soðnum hrísgrjónum og sesamsósu. Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrímsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast



Girnilegar tælenskar fiskikökur.



MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Útsala

50%

afsláttur af völdum vörum!

Kringlan • Glæsibær • Grandi • Spöngin • www.eyesland.is

eyesland



Nokkrar konur úr kvenfélagi Árbæjarsóknar. Aftari röð f.v. Kristbjörg Agnarsdóttir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, Ólafía Hansdóttir, María Jónsdóttir og Aníta Björg Jónsdóttir. Fremri röð f.v. Magnhildur Friðriksdóttir, María H. Kristinsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.



Bergur Eysteinn Konráðsson, Magnhildur Klara Konráðsdóttir og Baldur Björn Arnarsson.

Kirkjudagurinn

Kirkjudagur Árbæjarsafnaðar var sunnudaginn 1. desember, fyrsta sunnudaginn í aðventu.

Fjölskyldumessa var haldin kl.11.00. Flutt var leikritið „Einmanna tröllíð“, leiksýning fyrir alla fjölskylduna.

Hún vakti mikla lukku, ekki síður fyrir fermingarbörnin sem fermast í vor.

Hátíðarguðspjónusta var svo

kl.14.00. Kveikt var á fyrsta adventukertinu, spádómskertinu. Kirkjukórinn leiddi almennan safnaðarsöng undir vaskri stjórn organistans og kórstjórnans Kristínu

Ljósmyndir

Katrín J. Björgvinsdóttir

Kalló. Sr. Þór Hauksson sóknarprestur

prédikaði og sr. Dagur Fannar Magnússon þjónaði fyrir altari. Hljómsveitin Blær spiluðu nokkur vel valin lög. Einsöngvarinn Þorsteinn Freyr Sigurðsson söng. Líknarsjóðshappdrætti Líknarsjóðs kvenfélagsins var á sínum stað með glæsilega vinninga. Kvenfélagið buðu svo upp á heimabakaðar smákökur, konfekt og kaffi eftir messu.



Gylfi Björgvinnson og Svanhildur Magnúsdóttir og Guðrún Erla Aðalsteinsdóttir.



Hljómsveitin Blær. Aftari röð f.v. Hans Jensson, Svanhildur Magnúsdóttir, Ingi Guðmar Ingimundarsson. Fremri röð f.v. Elísabet Halldóra Einarsdóttir, Gyða Guðmundsdóttir og Hannes Baldursson, spiluðu nokkur vel valin lög.



Hjónin Sesselja Thorberg og Magnús Sævar Magnússon kirkjuvörður ásamt syni þeirra Matthíasi Thorberg.



Inga Sigurðardóttir og Sæunn Guðmundsdóttir fengu sér kaffi og heimabakaðar smákökur í boði kvenfélags Árbæjarsafnaðar.



Sr. Þór Hauksson, Kristína Kalló organisti og tónlistarstjóri og sr. Dagur Fannar Magnússon á góðri stund.



Hjónin Kristbjörn Árnason og Þórunn Eyjólfsdóttir alltaf jafn sæt og fin.



Matthías Thorberg tendraði á fyrsta adventukertinu, Spádómskertinu ásamt föður sínum Magnúsi Sævari Magnússyni kirkjuverði Árbæjarkirkju.



Sóknarprestur Árbæjarkirkju sr. Þór Hauksson og sr. Dagur Fannar Magnússon.

eignaumsjon.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
2024 Væðingarástæðingur

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna
Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

HAFÍÐ FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -
Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.590 kr kg



PIPAR Bragðgott PIPAR Bragðgott
EKTA STEINBITUR EKTA STEINBITUR
VEISLA VEISLA

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar sími 698-2844



„Ég legg mikla áherslu á að skapa rólegt og afslappað umhverfi fyrir hundana,” segir Karen Lóa hjá Studio Voff.

„Ólst upp með hundum og er mikill dýravinur”

- segir Karen Lóa Birgisdóttir hjá Stúdíó Voff í Hraunbæ

„Ég lærði hundasnyrtingu í Northwich, Bretlandi árið 2022 og fór að vinna við það strax eftir útskrift. Þessi starfsvettvangur hentaði mér vel þar sem ég hef alist upp í kringum hunda og er mikill dýravinur,” segir Karen Lóa Birgisdóttir sem á og rekur hundasnyrtistofuna Studio Voff í Hraunbænum.

„Í byrjun árs 2024 fékk ég frábært tækifæri og ákvað að opna mína eigin stofu í Hraunbæ 102B. Við tóku miklar framkvæmdir í húsnæðinu og á vormánuðum opnaði ég fyrir bókunir.

Ég legg mikla áherslu á að skapa rólegt og afslappað umhverfi fyrir

hundana. Ég þjónusta einn hund í einu sem hentar einstaklega vel fyrir stressaða hunda og þá sem hafa átt slæma upplifun í snyrtingu,” segir Karen Lóa.

Hún hefur nú starfað við þetta í tæpt ár og hvernig hefur þetta gengið?


„Það hefur gengið vonum framár á þessu fyrsta starfsári og það er alltaf gaman að mæta í vinnuna og kynnast nýjum voffum. Viðbrögð viðskiptavina hafa verið framúrskarandi og margir ánægðir með að fá hundasnyrtistofu í hverfið sitt.”

Hægt er að bóka tíma hjá Studio voff




í gegnum samfélagsmiðla síðunnar eða á Noona.is

„Ég er ekki með fyrirtækjasíma hérna hjá Stúdíó Voff því að það raskar svo tengingunni við hundinn ef ég er að hlaupa frá og svara í símann,” segir Karen Lóa og bætir við:

„Ég er virk á samfélagsmiðlum Facebook og instagram undir nafninu Studio Voff sem er nafnið á stofunni,” segir Karen Lóa Birgisdóttir og við óskum henni velfarnaðar með stofuna sína og hvetjum Árbæinga til að fara til hennar með hundana sína þegar komið er að snyrtingu.




Voffunum líður vel hjá Karen Lóu og hér eru nokkrir hvuttar fyrir og eftir klippingu hjá Studio Voff.





Gjöfin fyrir fluguveiðimenn og konur fæst hjá okkur

Glæsileg íslensk flugubox - Gröfum nöfn veiðimanna á boxin



Krafla.is

Nánari upplýsingar í netverslun á Krafla.is - 698-2844 / 699-1322



Gert er ráð fyrir að Hitt húsið verði áfram á sínum stað en húsnæði fyrir leikskóla rísi hratt á lóðinni.

Mynd Róbert Reysson



Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.
Við tökum vel á móti þér.

Grænnir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr.
fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

Nýr leikskóli mun rísa hratt í Elliðaárdal

Gengið verður til viðræðna við fasteignafélagið Laka fasteignir ehf. um að félagið byggi nýjan leikskóla við Rafstöðvarveg. Reykjavíkurborg mun taka leikskólann á leigu fyrir nýjan borgarrekinn leikskóla, sem stefnt er á að verði tilbúinn til notkunar á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Þetta var samþykkt í borgarráði á dögunum.

Reykjavíkurborg auglýsti í október síðastliðnum eftir húsnæði og lóð fyrir leikskóla, 800 til 2000 fermetra húsnæði ásamt 1400 til 1800 fermetra aðliggjandi útileiksvæði. Fasteignafélagið Laki fasteignir ehf. festi nýlega kaup á Rafstöðvarvegi 7 með kaupum á félaginu Rafkletti ehf. en Reykjavíkurborg hefur leigt húsnæðið undanfarin ár undir starfsemi Hins hússins. Rafklettur ehf. er jafnframt eigandi að byggingarrétti upp á rúmlega 1000 fermetra við hliðina á Rafstöðvarvegi 7.

Í innsendu erindi Laka fasteigna til borgarinnar lýsir félagið sig reiðubúið að byggja leikskóla á þessari lóð, sem geti verið tilbúinn til notkunar innan tólf mánaða frá undirritun leigusamnings. Gert er ráð fyrir að Hitt

húsið verði áfram á sínum stað.

Gott aðgengi fyrir öll

Laki fasteignir ehf. er fasteigna- og þróunarfélag sem sinnir fjárfestingum og umsjón fasteigna. Til að tryggja afhendingartíma leikskólans yrði notuð sama byggingaraðferð og notuð var við stækkun Hótel Akureyrar á síðasta ári. Þá var gert samkomulag við Qmodular í Póllandi og voru starfsmenn Laka ráðgjafar í ferlinu.

Hótelið var byggt á fimm mánuðum með stálgrindarfyrirkomulagi, siglt með það til Akureyrar og reist þar á fimm dögum. Lokafrágangur tók síðan tvo mánuði eftir að byggingin var reist. Laki fasteignir er í lokahönnun á verkefni á Höfn í Hornafirði þar sem 70 herbergja hóteliðbygging verður gerð með sama hætti.

Við Rafstöðvarveg í Elliðaárdal er mjög gott aðgengi fyrir hreyfihömluð sem og fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þá er hæfilegur fjöldi bílastæða miðað við staðsetningu, fyrir starfsfólk og foreldra með börn í leikskóla.

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HelluKlasinn



VISSIR ÞÚ?

AÐ KEILA ER LEIKIN AF 120.000.000 MANNS Í YFIR 90 LÖNDUM.

KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE, PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL



Fullorðins Fimleikar

Langar þig að æfa hjá okkur?

Frír Prufutímar

Fullorðinsfimleikar er fyrir alla sem eru

16 ára og eldri sem vilja stunda fimleika, hvort sem þeir hafa æft fimleika áður eða hafa aldrei æft.



Fimleikar er frábær leið til að stunda hreyfingu, styrkja sig, liðka og hafa gaman í leiðinni.

Verð fyrir vorönn er 20.000 kr. (2x í viku)

Námskeið hefst skv. stundaskrá

6. Janúar og lýkur 30. Maí

Mánudaga og Miðvikudaga kl: 18:30–20:00



Skráningar fara fram á síðu:

fylkir.is/fimleikar-hopar/

Eða í gegnum síma: 571-5601

Fyrir fleiri upplýsingar er hægt að hafa samband við tölvupóst:

fimleikar@fylkir.is



Kennsla fer fram í Fylkissel (Nórðlingabraut 12, 110 Reykjavík)



Elvar Örn Þórisson var sæmdur gullmerki Fylkis.



Íþróttafólk Fylkis 2024. Karen Thuy Duong Vu og Davíð Þór Bjarnason ásamt Birni Gíslasyni formanni Fylkis og Herði Guðjónssyni framkvæmdastjóra Fylkis.

Íþróttafólk ársins hjá Fylki og heiðursviðurkenningar

Föstudaginn 20. desember sl. voru veittar viðurkenningar fyrir íþróttafólk Fylkis árið 2024. Einnig voru veitt heiðursmerki félagsins.

Íþróttafólk Fylkis 2024 voru valin Davíð Þór Bjarnason frá fimleikadeild og Karen Thuy Duong Vu frá karatedeild.

Íþróttakarl Fylkis 2024

Davíð Þór Bjarnason, Fimleikar. Davíð var valinn í unglingslandslíðið á árinu 2024 og keppti hann á Norðurlandamóti í Helsinki. Hann vann til fjölda verðlauna á síðustu árum á mismunandi mótum. Davíð er í unglingslandslíði Íslands og er á góðri leið með að verða valinn til að taka þátt í alþjóðlegri keppni. Hann er ekki bara frábær íþróttamaður heldur þjálfar hann líka yngri iðkendur deildarinnar.

Íþróttakona Fylkis 2024

Karen Thuy Duong Vu, Karate. Karen hefur náð mjög góðum árangri á þessu ári, m.a.

1. Sæti á open Reykjavík International games.
1. Sæti á Copenhagen Open.
1. Sæti á Íslandsmeistaramóti fullorðna.
2. Sæti á Norðurlandameistaramót.

Heiðursmerki félagsins

Heiðursmerki félagsins eru veitt þeim sem hafa unnið gott starf fyrir félagið og þá bæði um að ræða sjálfbæðaliða og launaða starfsmenn.

Veitt voru silfurmerki Fylkis, gullmerki Fylkis og Fylkiskrossinn en hann er æðsta heiðursmerki félagsins. Aðeins 20 einstaklingar mega bera heiðurskross félagsins hverju sinni.

Silfurmerki Fylkis

Árni Leó Þórðarson, hefur unnið frábært starf fyrir félagið á undanföllum árum og tekið þátt í mörgum verkefnum eins og framkvæmd leikja í fótboltanum á sumrin.

David Patchell, yfirþjálfari körfuknattleiksdeildar Fylkis og á stóran þátt í endurreisn deildarinnar

Hulda Björk Brynjarsdóttir, formaður körfuknattleiksdeildar Fylkis. Hefur gert frábæra hluti með starf deildarinnar ásamt því að koma að fleiri verkefnum innan félagsins

Kristófer Gísli Hilmarsson, þjálfari hjá fimleikadeild Fylkis. Hefur unnið fráfært starf innan deildarinnar á undanföllum árum.


Gullmerki Fylkis

Elvar Örn Þórisson, hefur starfað

m.a. fyrir fótboltann og körfuboltann um árabil og tekið að sér mörg mikilvæg verkefni með frábærum árangri.

Fylkiskrossinn Óskar Sigurðsson

Óskar tók þátt í stofnun knattspyrnu deildar Fylkis og varð fyrsti formaður deildarinnar. Einnig var hann fyrsti þjálfari meistaraflökks karla hjá félaginu árin 1972 og 1973.



Óskar Sigurðsson.



Kristófer Gísli Hilmarsson.



Frá vinstri: Árni Leó Þórðarson, Hulda Björk Brynjarsdóttir og David Patchell.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Stíflupjónusta
Röramyndir
Dælubíll



VALUR
HELGASON

stifla.is | 896 1100

Aðstöðumál Íþróttafélagsins Fylkis

Samningar skulu standa

- segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Brýnt er að Reykjavíkurborg standi við gildandi samkomulag um að Íþróttafélagið Fylkir fái hlutdeild í söluverði lóða, á fyrri verandi æfingasvæði félagsins við Hraunbæ, sem félagið gaf eftir til borgarinnar. Um verulegar fjárhæðir er að ræða, sem Fylkir mun alfarið verja til frekari uppbyggingar íþróttamannvirkja í Árbæ og Norðlingaholti sem ekki veitir af að sögn Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Kjartan hefur í gegnum tíðina flutt margar tillögur á vettvangi borgarstjórnar um uppbyggingu íþróttastöðu í Árbæjarhverfum. Hann var formaður íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur þegar félagið fékk Fylkissel (Mest-húsið) í Norðlingaholti til afnota fyrir fimleika og karate. Hann lagði til á sínum tíma að aðalvöllur Fylkis yrði endurnýjaður og lagður gervigrasi, gólfíð í Fylkishöll yrði endurnýjað, strandblakvöllir lagðir við Árbæjarlaug og sparkvöllir við skólana í hverfinu.

Pá lagði hann til að Fylkir fengi styrk til byggingar áhorfendastúku við Fylkissvöll eins og önnur hverfisíþróttafélög í borginni höfðu þá þegar fengið.

Gagnkvæmur ávinningur

Árið 2015 bauð aðalstjórn Fylkis Reykjavíkurborg til samstarfs í því skyni að þetta byggð og bæta íþróttastöðu í Árbænum. „Hugmyndin fólst í því að Fylkir myndi skila borginni 1.4 hektara æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls, sem félagið hafði nýtt um áratugaskeið. Öll knattspymuiðkun Fylkis myndi þannig færast á aðalsvæði félagsins þar sem aðstaðan yrði um leið bætt. Borgin gæti hins vegar nýtt gamla æfingasvæðið við Hraunbæ til þéttingar byggðar og selt byggingarlóðir þar með góðum hagnaði. Samkomulagið fól því í sér gagnkvæman ávinning beggja aðila, Fylkis og borgarinnar.“ segir Kjartan.

Þessi hugmynd Fylkis var lögð fyrir borgarráð í mars 2015 og með málsmeðferðartillögu Kjartans var samþykkt að taka jákvætt í erindið. Árið 2017 var síðan gengið frá formlegu samkomulagi um málið milli Fylkis og borgarinnar.

Samkomulagið fól í sér skil á umræddu æfingasvæði, nýjar byggingarlóðir við Hraunbæ og breytingar á aðalvelli. Áskilið var að 20% af söluverði byggingarréttar á svæðinu, umfram áætlaðan 400 milljóna króna framkvæmdakostnað á svæði Fylkis, færu til uppbyggingar og endurbóta á svæði félagsins.



Hér má sjá svæðið við Hraunbæ þar sem æfingasvæði Fylkis var áður. Fylkir lét eftir svæðið í samningnum við borgina á sínum tíma. Þess er nú krafist að borgin standi við gerðan samning.

200 íbúðir risnar

Fylkir hefur fyrir löngu staðið við sinn hluta samkomulagsins og afhent borginni æfingasvæðið. Ekki stóð á borginni að skipuleggja og selja lóðir á svæðinu og á árunum 2019-2022 risu þar um tvö hundruð íbúðir. Uppgjör milli Fylkis og borgarinnar í samræmi við áður nefndan samning hefur hins vegar ekki enn farið fram þrátt fyrir ítrekaðan eftirtekstur aðalstjórnar félagsins. Hefur stjórn Fylkis nú leitað til lögmannna til að fá metna stöðu félagsins vegna framangreindra vanefnda borgarinnar eins og komið hefur fram hér í blaðinu.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

lögðu til í desember sl. að ráðist verði í uppgjör milli Reykjavíkurborgar og Fylkis í samræmi við áður nefnt samkomulag. Kjartan segir að reikna þurfi út um hversu háar fjárhæðir sé að ræða en þær geti numið hundruðum milljóna króna.

„Að sjálfsögðu ber borginni að standa við samninginn og ráðast í uppgjörið nú þegar en láta það ekki dragast árum saman eins og því miður hefur gerst. Alla þessa fjármuni vill Fylkir nýta til frekari uppbyggingar í þágu íþróttar og æskulýðsstarfs í Árbæ og Norðlingaholti. Ekki veitir af slíkri uppbyggingu enda er þátttaka barna og unglinga í íþróttastarfi mjög mikil í þessum hverfum.“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi að lokum.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Árbæjarblaðið

5. tbl. 10. árg. 2012 maí Fréttablað íbúa í Árbæ og Norðlingaholti

Árbæjarblaðið er lesið á hverju heimili

Mest lesni fjölmíðillinn í Árbæjarhverfinu?

Auglýsingar í Árbæjar- blaðinu skila árangri

698-2844

TUDOR KRAFTUR



Ekki láta frostið koma þér á óvart

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

KOMDU Í BLAK



Æfingar fyrir 8-16 ára börn og unglínga eru hafnar

FRÍIR PRUFUTÍMAR Í BODI



| | Mánudagur | Þriðjudagur | Fimmtudagur |
|-----------|-------------|-------------|-------------|
| U10 - U12 | | 16:10-17:00 | 16:10-17:00 |
| U14 - U16 | 18:00-19:00 | 17:00-18:00 | 17:00-18:00 |

Allar æfingar fara fram í Árbæjarskóla
Stræti nr. 5 stoppar fyrir utan Árbæjarskóla

Skráning og nánari upplýsingar má finna á www.fylkir.is

KOMDU Í KÖRFU MEÐ FYLKI



HÉR GETUR ÞÚ SKOÐAÐ BETUR HVAD ER Í BODI



FRÍTT AÐ PRÓFA Í ALTT AÐ 3 VIKUR

Körfuknattleiksdeild Fylkis býður uppá Körfuboltaæfingar fyrir stráka og stelpur á aldrinum 6-16 ára

- Frábærir þjálfarar
- Sumarnámskeið
- Tækni námskeið
- Keppnis ferðalög
- Körfuboltaþúfir erlendis
- Og margt fleira í boði

SKRÁNING FER FRAM Á 

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



17. júní í Árbæ árið 1979

Myndin er tekin af þriðju hæð að Hraunbæ 84. Aftan á myndinni stendur skrifað af eiganda myndarinnar „17. júní 1979“.

Mynd og texti fengið af facebook síðunni Árbær á 20. öldinni

KGG

FYLKIR

Byrjenda Námskeið Fyrir Parkour Fullorðna (16+)
Fylkir kynnir Byrjenda námskeið í Parkour fyrir fullorðna



Mánaðar námskeið þar sem að þú lærir helstu grunntökin sem Parkour hefur upp á að bjóða

Fyrir fleiri upplýsingar er hægt að hafa samband í tölvupóst: fimleikar@fylkir.is

Æfingar fara fram í Fylkissel fimleika húsi Fylkis 1x í viku
Föstudaga kl: 18:00-19:00

Mánaðar námskeið kostar 7000.kr

Skráningar fara fram á síðu: fylkir.is/fimleikar-hopar/
Eða í gegnum síma: 571-5601



Kennsla fer fram í Fylkissel (Norðlingabraut 12, 110 Reykjavík)

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Helgihald í Árbæjarkirkju

Sunnudaginn 19. janúar

Guðsþjónusta kl. 11.00. Sunnudagaskóli í Árbæjarkirkju sunnudaginn 19. janúar kl. 13:00
Sunnudagaskólinn verður kl. 13:00 í vetur í Árbæjarkirkju vegna framkvæmda við nýbyggingu kirkjunnar. Sunnudagaskólinn er fyrir allan aldur þar sem ungir og aldnir skemmta sér saman. Brúðuleikhús, söngur og biblíusögur.

Sunnudaginn 26. janúar

Guðsþjónusta kl. 11.00. Sunnudagaskóli í Árbæjarkirkju sunnudaginn 26. janúar kl. 13:00

Sunnudaginn 2. febrúar

Guðsþjónusta kl. 11.00. Sunnudagaskóli í

Árbæjarkirkju sunnudaginn 2. febrúar kl. 13:00.

Sunnudaginn 9. febrúar

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00. Ungir sem eldri sameinast í helgihaldinu með söng og gleði. Brúðuleikhús Rebbi og mýsla mæta á svæðið. Fjölskylduguðsþjónustum er brúað bilið á milli sunnudagaskóla og hefðbundinnar guðsþjónustu, messuformið er einfalt en um leið er reynt að höfða til barna á öllum aldri.

Sjá má og kynna sér fjölbreytt helgihald kirkjunnar fyrir börn og fullorðna á heimasíðu Árbæjarkirkju www.arbaejarkirkja.is



Skotið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Eftirsjá er þyngsti steinninn

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Tómará - segir þetta þér eitthvað? Líklega ekki. Það er svo margt í þessari veröld sem hefur enga merkingu, en við leitum eftir að ljá meiningu eða tilgangi í stundum meiningarlausu veröld. Kappkostum að staga í göt hugmynda okkar um lífið og tilveruna þannig að við missum ekki af neinu. Þannig er því farið með svo margt í okkar daglega lífi. Við reynum að skilja umhverfið og orðin sem falla á okkur eins og regndropar á kyrru vorköldi, falla af okkur á leið sinni í jarðveg hugmynda okkar um lífið. Lífið sem teygir úr sér eftir svefn vetursins. Við heyrum orð, grípum þau í lófa og kreistum, nemum þau og bindum í huga með rembihnút svo ekki losni um. Eigum erfitt með að leysa úr böndum vanans, krepptum hnefa. Kannski vegna þess að okkur langar ekki að leysa böndin sem hafa þó haldið sínu á sínum stað.

Tómará eða Áramót hefur merkingu í huga. Þ.e.a.s. að ár mætast, eiga sér mót eina örskotsstund þegar það gamla hverfur á braut minninga á meðan það nýkomna sækir okkur heim hugsunarlaust, því það hefur ekkert fram að færa, en sjálft sig. Setjumst með það í fang í stól framtíðar í eldhúsinu þar sem löngum hefur verið talað saman um drauma og væntingar, það nýja hjalandi og þögult á víxl vegna þess að það hefur ekki enn neitt að segja frá, nema að hlýða á og læra af því líðna sem enn er til staðar og verður alltaf til staðar. Athugult eins og ómálga barn, við horfum á hugfangin og hugsum hvað verður úr þér? Nýja árið hjalandi með tannlausu brosi væntinga um að heimurinn, sem það sér og skynjar í andlitum okkar sem sjáum framan í það sé góður og ekkert illt verði á vegi þess. Við strengjum þess heit að svo verði áfram. Lítið barn er tákni um von

og um framtíð. Áramót eru eins og smækkuð mynd af ævi mannsins þegar húmar að kveldi. Tíminn þekkir hvorki háttvísi eða nærgætni.

Öldruð manneskja ristud rúnum þekkingar og visku alls þess sem hefur gerst er gamla árið sem kveður sátt með sitt ársverk eða ekki. Hvað er sárara en manneskja sem lítur um öxl og hrasar um minningar mistaka og mannlegs breyskleika, eftirsjá. Eða eins og rithöfundurinn Jón Kalmann sagði í bók sinni „Fiskarnir hafa ekki fætur“ „Eftirsjá er þyngsti steinninn.“ Kann að vera að árið sem er að kveðja og kemur aldrei aftur sé uppfyllt af steinum, þungum steinum raunveruleikans fyrir svo marga og kannski okkur öll á einhvern hátt. Eftirsjá sem við kunnum að burðast með inn í nýtt ár. Þessir steinar sem féllu úr bröttum hlíðum væntinga hugans um annað á árinu sem er að líða og eitthvað lengur, minnir okkur á hverfuleika lífsins.

Sá hverfuleiki sérstaklega um áramót er aldrei fáklæddari, svipt öllu því sem við höfum um daga ársins klætt hann í og dulist til þess eins að ná andanum og sveipa dagana merkingu í stað þess að hvílast á beði, mjúku beði fyrirgefningar eða eins og annað skáld sagði; „Við fæðumst í þennan heim nakin og kveðjum þennan heim nakin.“

Nú tíminn eyrir og hefur ekki tíma til að staldra við af ótta við að missa af augnablikinu, því í því augnabliki kann að vera að tækifærið feli í sér eitthvað nýtt, sem á morgun er gamalt og ónýtt. Þetta „nýja“ vill ekki kannast við þetta „Ó“ sem er óskaplegt. Hver vill segja á nýju ári: „Gleðilegt ó-nýtt ár!“ Þetta „ó“ er óskaplegt um leið að það er skaplegt, ef það fær að standa sem slíkt. Það þarf ekki mikið til að breyta hugsun

manns um hvað er og eða gæti verið fyrirheit um. Nýtt ár ber með sér fyrirheit um eitthvað. Kann að vera að einhverjum ó-ár við einhverju eins og nýju ári. Það er okkar að hlúa að þessum fyrirheitum um þetta eitthvað. Fyrir víst vitum við, að það verður eitthvað. Á sumu höfum við auga á og fyrirætlanir um, en annað á sinn stað og sínar stundir og raunar þótt við



sr. Þór Hauksson.

leggjum ekki huga að eða hlustum á andardrátt þess, þá er það svo að ekkert er í hendi þrátt fyrir vilja um annað.

Óvissan reynist mörgum erfíð þúfa að mæta á göngu. Hvort skal ganga fyrir hana eða yfir á meðan öðrum er slétt sama heldur fagna henni sem áskorun, þúfunni. „Oft veldur lítil þúfa þungu hlasi“ segir málsátturinn og við hugsum ekkert um merkingu þess og hvernig til er

orðin. „Hugsun er til alls fyrst.“ Eða svo sagði amma mín heitin um árið þegar ég var næstum búin að sneiða tærnar af einum bróður mínum við grasslátt með ljá í bakgarði heimilis hennar og afa vestur í bæ. „Hugsu fyrst og framkvæma svo“ sagði hún og hélt áfram að hlúa að blómum, sem hún hafði hugsað um áður en landið byggðist og við bræðurnir trúðum því, því amma var svo gömul, rúnur rist andlit, grátt hár, fléttuð upp á hvirfil höfuðs og íklædd upphlut líðinna daga og fjölda ára. Vinnulúnar hendur sem hún kom með í bæinn úr plássinu úti á landi þar sem hún var uppallin, því lífið þar var saltfiskur ekki bara eins og á hádegi á laugardögum æsku minnar heldur flesta aðra daga, skipti engu hvort heldur það voru áramót eða nýár. Hún er minning sem ég á eins og allar þær manneskur sem hafa snert við okkur með lífi sínu á einhvern hátt. Snerting án orða því orð eru sögð

og ná ekki endilega að snerta heldur falla um sjálft sig, en snerting kærleikans skilur eftir sig hughrif sem við fáum að skynja og túlka eftir eigin höfði ekki skilyrt eins og orðin bundin í klafa merkingar málfræði og beygingar.

Þannig eru þau – orðin, takmörkuð. Þurfa ekki endilega að segja neitt um leið og við leitum að merkingu í blæbrigði raddar. Faðmlag snertingar, kærleika stendur af sér veðrabrigði lífsins, tímamóta árs og alda sem stundum getur verið á röngunni eða öfugsnúin eins og Tómará - áramót lesið afturá bak um leið og við rýnum til þokukennndrar framtíðar, því ekkert er að sjá nema gráan vegg. Yfir þann vegg og handan hans ná aðeins draumar okkar um hvað verður.

Gleðilegt ár.

sr. Þór Hauksson

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn






Silli kokkur Höfðabakka 1



- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is